

Sigrún Helgadóttir

Þórdís og aðrar dísir

Í tilefni af merkisafmæli Þórdísar fannst mér við hæfi að rannsaka nafnið hennar og skyld nöfn í verki sem ég hef nú unnið að í nokkur ár og kallast *Mörkuð íslensk málheild*. Fyrir þá sem ekki vita er mörkuð málheild safn fjölbreyttra tölvutækra textabúta sem hafa verið greindir á málfræðilegan hátt. Hverjum texta fylgja upplýsingar um textann sem búturinn er úr og hverri orðmynd fylgja þær málfræðilegu upplýsingar sem málheildin á að geyma. Málheildin verður aðgengileg í tvenns konar formi, annars vegar til leitar á vefsetri *Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum* og hins vegar geta þeir sem þess óska fengið textana til afnota í eigin tölvu í svokölluðu xml-sniði. Tilraunaútgáfa af leitarkerfinu er nú aðgengileg á vefsetrinu <http://mim.hi.is>.

Í málheildinni eru nú 8 textabálkar sem má leita í. Sex af þessum bálkum hafa verið settir saman í Markaða íslenska málheild þar sem nú eru ríflega 17 milljónir lesmálsorða. Gert er ráð fyrir að í málheildinni verði ríflega 26 milljónir lesmálsorða úr textum frá upphafi 21. aldar. Tveir textabálkar á vefsetrinu verða ekki hluti af málheildinni, fornrit og *Íslensk orðtíðnibók*. Í fornritabálknum eru um 1,6 milljónir lesmálsorða úr 44 fornsögum úr útgáfu *Svarts á hvítu*. Textarnir eru með nútímastafsetningu og hafa verið markaðir með sömu aðferðum og nútímamál. Í málheild *Íslenskrar orðtíðnibókar* eru ríflega 500 þús. lesmálsorð úr 100 textum frá 9. áratug síðustu aldar. Aðeins þeir textar sem leyfi hefur fengist til að nota eru aðgengilegir til leitar á vefsetrinu.

Til þess að finna Þórdísi og allar aðrar dísir leitaði ég að textastrengnum „dís“ í enda orðs eða í miðju orði. Í fornritunum finnast 17 kvenmannsnöfn sem enda á „dís“: Aldís (10), Arndís (14), Álf dís (23), Ásdís (40), Bergdís (3), Ey dís (2), Frey dís (18), Geirdís (2), Halldís (10), Herdís (45), Jódís (5), Saldís (7), Skjalddís (4), Valdís (4), Védís (8), Vigdís (98) og Þórdís (472). Tölurnar í svigum segja til um hversu oft hvert nafn kemur fyrir í sögunum (öllum föllum slegið saman). Glöggir lesendur hafa tekið eftir að nöfnunum er raðað í stafrófsröð. En það er líka eftirtektarvert að nafnið *Þórdís* kemur langoftast fyrir eða 472 sinnum alls. Málheildin er ekki orðin svo þróuð enn þá að unnt sé að finna úr hvaða texta einstök textadæmi koma. Höfundur greinarinnar hefur þó aðgang að frumefni málheildarinnar og getur kannað það. Líklegt er að þau nöfn sem koma fyrir sjaldan vísi til einnar persónu. Nafnið *Þórdís* kemur fyrir í 29 fornsögum og oftast í *Fóstbræðrasögu*, 62 sinnum. Hversu oft hvert nafn kemur fyrir í sögu er að sjálf sögðu háð því hvort um er að ræða aðalpersónu eða aukapersónu. Einnig gæti verið að um sé að ræða fleiri en eina persónu sem bera sama nafn. Ég er ekki svo vel að mér í Íslendingasögum að

ég viti hversu margar Þórdísir koma fyrir í *Fóstbræðrasögu*. Næstalgengasta nafnið, *Vigdís*, kemur fyrir í 9 sögum, þar af 30 sinnum í *Laxdælasögu*. Öll þessi nöfn koma fyrir í bókinni *Nöfn Íslendinga* eftir Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson frá Arnarvatni. Við sum þessara nafna eins og *Skjalddís* segja höfundar að þau hafi aðeins verið notuð um eina persónu. *Skjalddís Járnskjaldardóttir* kemur þannig fyrir í *Þorsteins sögu uxafóts* en nafnið virðist ekki notað eftir það að sögn höfundanna. Þegar heimildatengingar verða komnar til sögunnar má kanna þetta frekar.

Næst skoðaði ég dísir í bókabálinum, þar sem eru tæplega 7 milljónir lesmálsorða úr 154 bókum. Þar er um að ræða skáldsögur og annars konar rit, svo sem ævisögur, alþýðleg fræðirit, matreiðslubækur og „alvöru“ fræðirit. Þar koma þessar „dísir“ fyrir: Aldís (13), Arndís (147), Álfdís (1), Ásdís (96), Bryndís (89), Dís (6), Eirdís (1), Eydís (9), Eyjadís (1), Freydís (13), Hafdís (1), Halldís (1), Herdís (23), Hjördís (122), Jódís (2), Skáldís (12), Svandís (1), Valdís (14), Védís (4), Vigdís (121), Vildís (161) og Þórdís (51).

Af þeim dísunum sem finnast í fornsögunum koma eftirtaldar ekki fyrir í þessum 21. aldar textum: *Bergdís*, *Geirdís*, *Saldís* og *Skjalddís*. Í bókinni *Nöfn Íslendinga* er sagt að nafnið *Bergdís* komi fyrir í *Landnámu* en hafi síðan ekki verið notað fyrr en á 20. öld. En það nafn hefur hefur ekki ratað inn í texta þeirra bóka sem eru í málheildinni. Samkvæmt nafnabókinni kemur nafnið *Geirdís* fyrir í *Hávarðar sögu Ísfríðings* og hefur verið notað á 20. öldinni en það er tiltölulega sjaldgæft, fimm konur báru það samkvæmt þjóðskrá árið 1989. Nafnabókin segir að nafnið *Saldís* komi fyrir í *Víga-Glúms sögu* en virðist síðan ekki hafa verið notað fyrr en á 20. öld. Nafnið er talið sjaldgæft, ein kona bar það sem seinna nafn samkvæmt þjóðskrá 1989. Eins og þegar er getið er *Skjalddís Járnskjaldardóttir* eina konan sem vitað er um að hafi borið nafnið *Skjalddís*.

Nokkur nöfn hafa bæst við dísarnöfnin frá fornsögunum og komist inn í málheildina. Þau eru: *Bryndís*, *Dís*, *Eyjadís*, *Hafdís*, *Hjördís*, *Skáldís*, *Svandís* og *Vildís*. Samkvæmt nafnabókinni kemur nafnið *Bryndís* fyrst fyrir á síðari hluta 19. aldar en er nú orðið tiltölulega algengt eins og sést á tíðnitölunum. Nafnabókin segir að nafnið *Dís* eitt og sér komi fyrir í *Fornaldarsögum Norðurlanda* en síðan eru heimildir um það á 17. öld og eftir það. Dæmin um nafnið *Dís* í málheildinni koma úr þremur heimildum. Í fyrsta lagi úr bókinni *Konur* eftir Steinar Braga. Í öðru lagi úr ritgerð Vésteins Ólasonar um bók Svövu Jakobsdóttur, *Gunnlaðarsögu*, sem birtist í ritinu *Ég tek það gilt*. Í þriðja lagi er tilvitnun í rit eftir Guðrúnu *Dís* Emilsdóttur í bók Þorbjörns Broddasonar, *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*. Í síðastnefndu heimildinni kemur þó fram að *Dís* sé nafn á lifandi persónu. Nafnsins *Eyjadís* er ekki getið í nafnabókinni. Í málheildinni kemur það fyrir í *Reisubók Guðríðar Símonardóttur* eftir Steinunni Jóhannsdóttur. Anna Katrine skrifar vinkonu sinni, Guðríði Símonardóttur, bréf og segir henni að ef barn hennar og Ishamets verði

stúlka muni hún gefa henni nafnið *Gudda Obeyda Eyjadís*. Ef til vill er þarna verið að vísa til Vestmannaeyja. Í nafnabókinni er sagt að nafnið *Hafdís* komi fyrst fyrir í nafnatali séra Odds á Reynivöllum frá 1636. Nafnið er tiltölulega algengt nú þó að það komi aðeins einu sinni fyrir í bókabálki málheildarinnar. Samkvæmt nafnabókinni kemur nafnið *Hjördís* fyrst fyrir í í fornkvæðum sem nafn móður Sigurðar Fáfnisbana. Það er algengt núna, kemur fyrir 122 sinnum í bókabálkinum, í 4 bókum og þar af 103 sinnum í bókinni *Afturelding* eftir Viktor Arnar Ingólfsson. Nafnið *Skáldís* kemur ekki fyrir í nafnabókinni og í einni bók í málheildinni, bókinni *Segðu mömmu að mér líði vel* eftir Guðmund Andra Thorsson. Þar talar Guðmundur Andri um Skáldísi ömmu. Ég er ekki alveg viss um hvernig þetta nafn er hugsað eða hver skilin í nafninu eru, e.t.v. er Skáldís amma ekki „dís“. Samkvæmt nafnabókinni kemur nafnið *Svandís* fyrst fyrir á síðari hluta 19. aldar. Það er örugglega nokkuð algengt nú þó að það komi aðeins einu sinni fyrir í bókabálkinum. Nafnabókin segir að nafnið *Vildís* komi fyrst fyrir í manntalinu frá 1703 en síðan ekki fyrr en á tuttugustu öld. Það er nokkuð algengt en öll dæmin í bókabálkinum eru úr einni bók, barnabókinni *Bara gaman* eftir Guðrínu Helgadóttur. Athyglisvert er að nafnið *Þórdís* er hlutfallslega mun sjaldgæfara í þeim 21. aldar textum sem voru skoðaðir en í fornritunum.

Þessi yfirferð segir að sjálfsögðu ekki alla söguna um algengi dísarnafna nú til dags. Til þess að fá hugmynd um það þyrfti að telja nöfn í þjóðskrá en það var ekki markmiðið með þessu greinarkorni.

En svo mætti líka skoða nöfn sem eru leidd af dísarnöfnunum, eins og t.d. staðarheiti og kenninöfn eins og Þórdísarson og Védísardóttir. Í fornritunum eru nokkrir karlar kenndir við mæður sínar (Herdísarson, Arndísarson og Þórdísarson) og ein kona er kennd við móður sína (Þórdísardóttir). Einu staðarnöfnin sem finnast í fornritunum kennd við „dísir“ eru þau sem eru kennd við Þórdísi, þ.e. *Þórdísarholt*, *Þórdísarstaðir* og *Þórdísarlækur*.

Í fornritunum finnast ekki aðrar „dísir“ en þær sem bera nöfn með „dís“ sem síðari lið, nema náttúrulega abbadísir. Í bókabálki málheildarinnar má hins vegar finna þessar „dísir“: brúnkudís, draumadís, erfðadís, fegurðardís, heilladís, ljóðadís, skógardís, töfradís, vanadís, vatnadís, verndardís, þokkadís og að sjálfsögðu abbadís.

Hér látum við svo lokið að sinni þessari umfjöllun um „dísir“.